

297. fundur Skólanefndar FS

13. október 2009



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Ingimundur Þ. Guðnason, Hjálmar Árnason, Fanney D. Halldórsdóttir, áheyrnarfulltrúarnir Ægir Karl Ægisson, Sigfús Jóhann Árnason og María Magnúsdóttir og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Skólameistari setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Staða skólans m.t.t. fjárlaga.
2. Önnur mál.

1. Staða skólans m.t.t. fjárlaga.

Skólameistari sagði frá því að samkvæmt fjárlagafrumvarpi verða fjárveitingar til skólans 643,3 milljónir sem er 7,8% niðurskurður. Miðað við þessar fjárveitingar verður ekki hægt að taka inn nýja nemendur um áramót. Ekki er ljóst hvað hægt verður að taka inn marga nemendur næsta haust.

2. Önnur mál.

a) Foreldrafélag hefur verið stofnað við skólann. Félagið var stofnað á foreldrafundi sem um 150 sóttu.


b) Í september voru átta nemendur og tveir kennarar frá Slóvakíu í heimsókn hjá nemendum og kennurum skólans. Hópurinn er að vinna að orðabók í heilbrigðisfræði sem verður á netinu. Okkar fólk fór til Slóvakíu í sumar þar sem verkefnið hófst.

c) Fimm nemendur og einn kennari eru á leið á ráðstefnu í Kaupmannahöfn. Þar verður starfsemi Eystrasaltsráðsins kynnt.

d) Vinna við GeoCamp Iceland er í fullum gangi. Búið er að stofna félag og hafa Vogar, Keilir og Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum þegar gengið til liðs við það.

e) Keppnislið skólans í Gettu betur og MORFÍS hafa hafið æfingar fyrir keppnir vetrarins. Nemendafélagið opnaði nýja heimasíðu á dögnum. Vel hefur gengið að manna ráð og nefndir á vegum félagsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Guðmann Kristþórsson,
fundarritari